

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas Hafnarfjörður



Dags eftirlits	20.9.2012	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Hlaðbær-Colas	Fulltrúi UST	Bergþóra H. Skúladóttir
Heimili	Gullhelli 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Eymarsson	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Steingrímur Bragason	Staðsetning	352977,735 396393,374

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Tvö frávik frá eftirliti ársins 2011 eru ófrágengin en unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun. Ein athugasemd var gerð við fráveitulagnir frá malbikunarstöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Fundur
Yfirferð yfir stöðu frávíka frá síðasta ári, PAH, hljóð, áætlanir (ryk og viðhald búnaðar)
Farið yfir skráningar og mælingar sem tilskyldar eru
Farið yfir efnamál fyrirtækisins og REACH kröfur
- Skoðun á fyrirtækinu
Efnageymslur skoðaðar
Mengunarvarnir skoðaðar
- Samantekt á niðurstöðum eftirlits og kvittað fyrir komuna.

PAH mælingar hafa ekki enn farið fram. Rekstraraðilar hafa fengið verkfræðistofuna VERKÍS til verksins, og til sýnatöku þarf 4 klst. samfellda framleiðslu á endurunnu malbiki til þess að marktæk sýnataka geti farið fram. Lofað var að sýnataka færi fram í næstu viku, viku 39.

Hljóðmælingar hafa farið fram eftir áætlun sem rekstraraðili hefur útbúið. Eftir skoðun á verklagi hljóðmælinga hjá Umhverfisstofnun hefur verið farið fram á að áætlun um hljóðmælingar verði breytt, þ.e. að kvarðaður hljóðmælir verði notaður og mælt í a.m.k 10 mínútur í hverjum punkti á lóðamörkum.

Allar áætlanir sem krafist er í starfsleyfi hafa borist og verið samþykktar að svo miklu leyti sem þess er krafist.

Sest var yfir mælingar og skráningar fyrirtækisins. Skráningar á viðhaldi og eftirliti með búnaði er í gagnagrunni fyrirtækisins. Niðurstöður mælinga í fráveitu voru afhentar í eftirliti og voru innan marka sem krafist er. Grænu bókhaldi hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar.

Viðbragðsáætlun til að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar er til í gögnum fyrirtækisins og var sýnd eftirlitsaðila í eftirliti.

Mælingar á hávaða við lóðamörk hafa verið gerðar (verða endurtekna) og reyndust innan marka (70 dB).

Samráðsfundur fyrirtækisins með Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fór fram haustið 2011 og næsti fundur skal vera á árinu 2013.

Margt er vel gert, stöðin nýleg og hönnuð með tilliti til starfseminnar. Mælingar í fráveitu sýna góða stöðu og hreinsivirki útblásturs frá brennara, þurrkurum og blöndurum kemur vel út úr mælingum.

Malbikunarstöð Hlaðbæjar Colas er með vottað gæðakerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001:2000 og vill nýta þann grunn til þess að efla umhverfisstjórnun í fyrirtækinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Farið var yfir kröfur REACH reglugerðarinnar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni. Farið var yfir innflutningsgögn frá tolli og kallaði eftirlitsaðili eftir nánari upplýsingum um nokkur efni og hvort þau uppfylltu skráningarskyldu skv. REACH. Hlaðbær Colas vinnur nú að því að safna saman þessum upplýsingum. Þegar gögnin hafa borist Umhverfisstofnun mun stofnunin senda Hlaðbæ Colas bréf þar sem niðurstöðum REACH eftirlitsins eru skýrð nánar. Farið var yfir reglur um framsetningu og aðgengi að öryggisblöðum, skv. REACH.

Gengið var um stöðina, efnageymslur skoðaðar, svo og gasgeymsla og bik- og eldsneytisgeymar. Fram kom að tregða í fráveitulögn sem tengist fráveitukerfi Hafnarfjarðarbæjar veldur hættu á að olíuskilja yfiryllist. Líta þarf til þessa.

Fyrirtækið er með vélsóp í notkun við að sópa plön og akstursleiðir.

Girðingar og hlið voru í mjög góðu lagi. Lokið hefur verið við að girða lóð fyrirtækisins af og tímastýrð hlið eru inn á athafnasvæðið. Starfsmenn hafa síðan aðgang að lóðinni með rafskilríkjum.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfssemi fyrirtækisins á liðnu ári.

Frávik frá

ákvæði í starfsleyfi, grein 2.6 - geymsla hráefna

Lýsing á fráviki

Í eftirliti ársins 2011 var skráð frávik frá starfsleyfi um að hráefni sem geta fokið skulu geymd í lokuðum geymslum. Úrbótaáætlun félagsins sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt kveður á um að bygging fínefnageymsla skuli lokið í október 2017. Þetta er því skráð frávik frá fyrra ári og mun stofnunin ekki fylgja þessu frekar eftir þar sem úrbótaáætlun liggur fyrir.

ákvæði í starfsleyfi, grein 2.2, um að mæla skuli PAH efni þegar og ef endurnýtt malbik er notað í framleiðsluna.

Í eftirliti ársins 2011 var frávik frá starfsleyfi um að ekki hafi verið mæld PAH efni við vinnslu endurnýttts malbiks. Samþykkt úrbótaáætlun kveður á um að fyrirtækið skili niðurstöðum mælinga í júlí 2012. Enn hefur ekki verið unnið endurnýtt malbik í tilskylda 4 klst. til þess að marktækt sýni fáiast. Verktaki sem fenginn var til verksins í haust náði ekki marktæku sýni úr skorsteini.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1: Þrenging í fráveitulögn

Fram kom í eftirliti að í aftakarigningum bakkast upp í fráveitulögn fyrirtækisins. Hætta er á að olúskilja yfirfyllist og við hækkað vökvaborð sleppi olíuleifar úr skiljunni út í fráveitukerfið og til sjávar. Líta þarf til þess að mengunarvarnir í frárennsli stöðvarinnar séu alltaf virkar.

Reykjavík, 07.11.2012



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki